

**Sp.**

**117. Nefndarálit**

**[1. mál]**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Í stjórnartíð núv. hæstv. ríkisstjórnar hefur ríkt algert stjórnleysi í fjárfestingarmálum, þannig að verulegan hluta af þeim verðmætum, sem starfsstéttirnar skapa, fjárfesta einkaaðilar með eigin gróðahvöt að leiðarljósi, án tillits til þess, hvað þjóðinni er hagkvæmast og nauðsynlegast. Jafnframt forðast ríkisstjórnin að hafa nokkra stjórn á verðlagsmálum, en gefur hinum sömu einkaaðilum sífellt lausari tauminn í þeim efnun. Af þessari stjórnarstefnu hefur leitt öra verðbólguþróun, sem auk alls annars leikur hag ríkissjóðs svo, að við afgreiðslu hverra nýrra fjárlaga hafa stjórnarvöldin þurft að streitast við að ná endum saman, annars vegar með sífellt nýjum skattaálögum og hins vegar með því að skera niður framlög til þjóðnauðsynlegustu framkvæmda í mestu góðærum til lands og sjávar, sem þjóðin hefur lifað.

Það fjárlagafrumvarp, sem hér liggur fyrir, er ekki undantekning í þessu efni, heldur staðfestir þessa þróun svo greinilega sem verða má, að sífellt vex vandamálið og sífellt er gripið til meiri óyndisúrræða. Svo ör hefur verðbólguþróunin verið og svo haldlaus úrræði ríkisstjórnarinnar, að á milli fjárlagaafgreiðslna hefur orðið að grípa til nýrra úrræða, þar sem hin fyrri hafa ekki enzt til næstu fjárlagaafgreiðslu. Þannig hefur söluskattur verið hækkaður, og þannig hefur verið framkvæmdur niðurskurður á þeim upphæðum, sem veittar voru til verklegra framkvæmda á fjárlögum.

Við setningu fjárlaga fyrir árið 1966 er svo komið, að þær niðurskurðaraðgerðir, sem í upphafi voru boðaðar sem bráðabirgðaráðstafanir, eru nú staðfestar sem varanleg ákvörðun. Fjárhæðir til einstakra verklegra framkvæmda eru nú teknar inn á fjárlagafrumvarpið stýfðar eftir niðurskurðinn og geta nú orðið grundvöllur að nýjum niðurskurði. Á sparnaði í rekstrarkostnaði örlar hins vegar hvergi. Niðurskurðurinn nær ekki til ónauðsynlegra eða lítt nauðsynlegra rekstrarliða, heldur einungis til hinna nauðsynlegustu framkvæmda: skólabygginga, sjúkrahúsbygginga, hafnarframkvæmda, flugvallagerða o. fl.

Fjárlagafrumvarpið staðfestir einnig, að auk niðurskurðar á nauðsynlegustu framkvæmdum grípur ríkisstjórnin sem jafnan fyrr ekki til annarra úrræða, þegar hún á við að etja afleiðingarnar af fyrri skattahækkunum sínum, en að leggja enn nýja skatta á landsmenn.

Árvisssar skattahækkanir ríkisstjórnarinnar hafa jafnan kallað á nýjar, og nú er svo komið, að ríkisstjórnin telur sig tilneydda að breyta um skattstofna, þar sem verkalýðssamtökin hafa tryggt sér vísitölubætur á laun að nýju. Þess vegna veigra stjórnarflokkarnir sér við að hækka söluskatt að þessu sinni, heldur er nú gripið til þess ráðs að losa ríkissjóð við ýmsar greiðslur, sem hann hefur innt af hendi til þessa, og velta þeim upphæðum yfir á almenning. Þannig er ætlunin að létta af ríkissjóði greiðsluhalla Rafmagnsveitna ríkisins, en hækka raforkuverð í staðinn. Þá er beinlínis rofið það samkomulag, sem varð milli allra þingflokka um fjárlag framlag ríkissjóðs til vegamála og það fellt niður, en benzínjald og þungaskattur hækkað að sama skapi. Er þá ekki hlífzt við að ómerkja orð samgöngumálaráðherra, er hann margítrekaði við setningu vegalaga fyrir tveimur árum, að framlag ríkissjóðs til vegamála yrði alls ekki lækkað, en fremur hækkað.

Enn fremur er á fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir 25 millj. kr. nýjum skatti á selda farmiða frá landinu, enda þótt Ísland muni vera aðili að alþjóðasamþykkt, þar sem ákvæði er um, að slíkir skattar skuli óheimilir.

Það er því ekki að undra, þótt almenningur í landinu spyrji: Hversu lengi verður haldið áfram á þessari braut stjórnleysis og beinnar verðbólguframleiðslu? Hversu lengi verður haldið áfram að draga úr þeim opinberu framkvæmdum, sem þjóðinni eru nauðsynlegastar, en kynda undir braskframkvæmdum einkaaðila, sem nota verðbólguna til eignasöfnunar? Hversu lengi verður afleiðingunum af verðbólguþróuninni mætt með því að þjarma fjárlögum saman með hækkun fyrri skatta og nýjum tegundum skatta? Verður það skattavandamál ríkisstjórnarinnar leyst lengi enn með nýjum fjármálaráðherrum, þegar hinir eldri eru þurrausnir að hugmyndum um nýja skatta? Hversu lengi getur það viðgengizt, að mestu góðæri þjóðarinnar í aflabrogðum og viðskiptakjörum séu látin líða hjá samtímis því, að ríkið sinnir í engu síaukinni þörf á nauðsynlegum framkvæmdum í menningar- og atvinnumálum, heldur sker beinlínis niður þær framkvæmdir, svo að algert vandræðaástand er að skapast í þessum efnum?

Alþýðubandalagið getur að sjálfsögðu ekki átt hlut að fjárlagasetningu, sem byggð er á slíkri óheillastefnu og miðar að því að viðhalda henni og auka. 2. minni hl. fjárveitinganefndar telur höfuðnauðsyn, að stefnan í fjármálum þjóðarinnar sé sú, að þau góðæri, sem þjóðin upplifir nú í aflabrogðum og viðskiptakjörum, séu notuð til þess að gera sérstakt átak í þeim atvinnu- og menningarmálum, sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi undanfarin ár, vegna þess að afleiðingarnar af stefnu við-

reisnarstjórnarinnar eru þær, að hún hefur ekki reynt fær um að nýta góðærin til framkvæmda í þessu efni.

Í skólamálum hefur sú alvarlega þróun átt sér stað, að samhliða því að öllum er ljóst, að grundvallarkrafa framtíðarinnar er aukin menntun hvers þjóðfélagsþegns, og sú krafa kemur fram í síaukinni aðsókn ungmenna í skóla, eftir að skyldunámi lýkur, þá skortir húsnæði og alla aðstöðu til að mæta þessari þróun. Einkum er algerlega ófullnægjandi aðstaða til að mæta þörfinni fyrir aukna verklega kennslu í skólum.

Samtímis því, að árlega þyrfti að verja stóru auknum upphæðum í þessu skyni, sker viðreisnarstjórnin fjárveitingarnar niður, þegar hún stendur ráðþrota frammi fyrir afleiðingunum af stefnu sinni. Slíkar aðfarir eru í algeru ósamræmi við það, sem er að gerast með öðrum þjóðum, sem gera sér ljóst, að bættur þjóðarhagur í framtíðinni helzt algerlega í hendur við það, hvernig ríkisvaldið sinnir fjárveitingum til menntamála og vísinda í dag.

Hér virðast þær hugmyndir vera allsráðandi hjá stjórnarvöldunum, að eina hlutverk þeirra sé að tryggja, að verðbólguþekúlantar hafi sem frjálsastar hendur til að njóta góðæra, og að því verði að aðlaga þjóðfélagið.

Fjárveitingar til hafnarframkvæmda eru enn skornar niður. Þrátt fyrir að ýmsir aðilar hafi hafið undirbúning að byggingu dráttarbrauta, til þess að þeir vélbátar, sem eru uppistaðan í síldveiðiflotanum, þurfi ekki að fara til útlanda til eftirlits og viðgerða, eru fjárlög afgreidd, án þess að fyrir fjármagni til þessara þjóðnaðsynlegu framkvæmda sé séð.

Fjár til þess að auka þjóðnaðsynlegar framkvæmdir í stað þess að skera þær niður á ríkisvaldið kost á að afla með því m. a. að tryggja mun betur en nú er gert, að skilað sé í ríkissjóð álögðum söluskatti, en fullvíst er, að árlega greiðir almenningur hundruð milljóna króna í söluskatt, sem aldrei kemur til skila í ríkissjóð. Á sama hátt sleppa óhemjuupphæðir undan álagningu söluskatts á ári hverju hjá aðilum, sem aðstöðu hafa til að skjóta tekjum undan skatti. Þá er ljóst, að verðbólguþróði þeirra, sem ríkisstjórnarstefnan hefur gefið frjálsastar hendur undanfarin ár og hlíft hefur verið við eðlilegum sköttum með sérstökum ákvæðum í skattalögum um skatta á fyrirtæki, er hinn eðlilegi skattstofn til þess að standa undir auknum verklegum framkvæmdum, t. d. sérstakur skattur á verzlunar- og skrifstofuhúsnæði.

Ef vilji væri fyrir hendi hjá stjórnarvöldunum, þyrfti hvorki að grípa til niðurskurðar á verklegum framkvæmdum né til nýrrar skattlagningar á almenning. Fyrir þeim aðgerðum, sem með þarf, er ekki þingfylgi og því ekki tók á að breyta fjárlagafrumvarpinu svo, sem með þyrfti, og einungis unnt að gera tillögur um nokkrar lagfæringar.

2. minni hl. fjárveitinganefndar leggur fram nokkrar tillögur um sparnað á rekstrarliðum, án þess að þær séu á nokkurn hátt tæmandi, en afdrif þeirra ættu þó að leiða í ljós, hvort nokkur minnsti vilji fyrirfinnst hjá stjórnarliðinu að spara ónaðsynleg útgjöld. Tillögur eru gerðar um nokkra hækkun verklegra framkvæmda, án þess að þau framlög, sem gerðar eru tillögur um, væru samt fullnægjandi.

Nokkrir málaflokkar hafa enn ekki verið afgreiddir í fjárveitinganefnd og bíða 3. umr., þar á meðal framlög til nýrra skólabygginga. Leggur 2. minni hl. ekki fram breytingartillögur við þau mál, fyrr en sýnt er, hvernig þau verða afgreidd í nefndinni.

Um breytingartillögur, sem fluttar eru í nafni fjárveitinganefndar, er það að segja, að 2. minni hl. hefur óbundna afstöðu um fylgi við einstakar tillögur og um flutning á breytingartillögum eða fylgi við breytingartillögur, sem fram kunna að koma við þær eða einstaka liði frumvarpsins.

Um breytingartillögur, sem fylgja nefndaráliti þessu, skal eftirfarandi tekið fram:

Brtt. við 2. gr.

9. liður tekjuhliðar fjárlagafrumv. er farmiðaskattur, 25 millj. kr. Ekkert ákvæði er í lögum um heimild til slíkrar skattálagningar, og lagafrumvarp hefur ekki verið lagt fram um slíkan skatt.

Óeðlilegt er, að nýja skatta beri að með ákvæðum í fjárlögum, og er lagt til, að liðurinn falli niður.

Brtt. við 10. gr.

Lagt er til, að sparaðar verði á næsta ári 1.7 millj. kr. með því að sameina sendiráð Íslands á Norðurlöndum í eitt. Sparnaðurinn yrði meiri, þegar tilhögun þessi yrði og fullu komin á, en öllum ætti að vera ljóst, að það er brúðl, að Íslendingar kosti sendiráð í hverju þessara landa, þegar eitt sendiráð gæti hæglega annazt störf þeirra allra.

Lagt er til, að liðirnir: ferðakostnaður utanríkisráðuneytisins, kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins og kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins verði sameinaðir í einn og þau útgjöld lækkuð um 1.6 millj. kr., í 2.5 millj. kr., sem virðist ærin upphæð til þessara þarfa.

Á fjárlagafrumvarpinu eru 200 þús. kr. ætlaðar til greiðslu á kostnaði vegna þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins. Fulltrúar Alþingis eiga ekkert erindi á hernaðarráðstefnur. Er því lagt til, að þessi liður falli niður.

Brtt. við 11. gr.

Íslendingar hafa af því síaukinn kostnað að gæta herliðsins á Keflavíkurflugvelli. Alls er á fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir 8.5 millj. kr. kostnaði í þessu skyni. Lagt er til, að þessi upphæð verði lækkuð um 4.8 millj. kr. á næsta ári.

Þegar fé fæst ekki veitt til hinna nauðsynlegustu hluta, sýnist ástæðulaust að eyða 2.7 millj. kr. á ári í svokallaðar almannavarnir. Er því lagt til, að liðurinn verði lækkaður í 500 þús. kr. og sú upphæð miðuð við hugsanlegar varnir gegn hættum af náttúruhamförum.

Brtt. við 13. gr.

Vegalög voru sett 1963 með samkomulagi allra þingflokka. Einn veigamikill þáttur þess samkomulags var, að jafnframt því, að hækkuð voru gjöld á bifreiðaeigendur skyldi ríkissjóður leggja fram fé á fjárlögum til vegamála. Var sú skylda ríkissjóðs staðfest með ákvæði 89. gr. laganna. Í umræðum við setningu laganna gaf hæstv. samgöngumálaráðherra fyrirheit um, að framlag ríkissjóðs myndi á næstu árum fremur hækka en lækka. Samt sem áður hefur nú verið fellt niður af fjárlagafrumv. allt framlag ríkissjóðs til vegamála skv. 89. gr. vegalaga, en þeirri upphæð velt yfir á bifreiðaeigendur í staðinn, til viðbótar þeim hækkunum, sem ákveðnar voru á benzínjaldi, þungaskatti o. fl. 1963. Er hér gerð tillaga um, að með 60 millj. kr. framlagi verði staðið við það samkomulag, sem gert var við setningu vegalaga, að því er varðar framlag ríkissjóðs, og að farið verði eftir ótvíræðum ákvæðum 89. gr. vegalaga.

Skuld ríkissjóðs við hinar ýmsu hafnir í landinu nam um 23 millj. kr. um síðustu áramót og mun nema um 41 millj. kr. við hin næstu, og ljóst er, að skuldin mun enn hækka á næsta ári, ef ekki er veitt meira fé til greiðslu skuldanna en gert er ráð fyrir á fjárlagafrumv. Vegna þess ástands reynist sveitarfélögunum æ erfðara að koma fram hinum nauðsynlegustu hafnarbótum. Á fjárlagafrv. er upphæð sú, sem ætluð er til greiðslu á skuld ríkissjóðs vegna hafnarframkvæmda, lækkuð frá núgildandi fjárlögum, en hér er um svo mikilsvert málefni að ræða, að þessi liður má sízt lækka. Er lagt til, að hann hækki úr 6.4 millj. kr. í 15 millj. kr., og þyrfti sú upphæð þó að vera stórum hærrí.

**Brtt. við 14. gr.**

Samkv. lögum ber íþróttasjóði að greiða ákveðinn hluta af kostnaði íþróttamannvirkja. Vegna lágra fjárveitinga til sjóðsins undanfarin ár er hagur sjóðsins orðinn svo slæmur, að hann skuldaði að lokinni úthlutun 1965 um 26,5 millj. kr. Er gerð tillaga um hækkun framlags til íþróttasjóðs úr 3.4 millj. kr. í 6 millj. kr.

Aðbúnaður íslenzkra myndlistarmanna til sýninga á verkum sínum er þjóðar-smán. Félag ísl. myndlistarmanna hefur hafið undirbúning að byggingarframkvæmdum og sækir um styrk til ríkisins til framkvæmdanna til móts við styrk frá Reykjavíkurborg. Er lagt til, að félaginu verði á fjárl. 1965 veitt byrjunarframlag 1 millj. kr.

**Brtt. við 16. gr.**

Fjárveitingar til síldar- og fiskileitar og veiðitilrauna geta ráðið úrslitum um afrakstur þeirrar framleiðslu, sem er undirstaða þjóðarbúsins. Það er því ekki sparnaður að skera þær fjárveitingar við nögl, heldur hið gagnstæða. Fjárveitingar til þessara mála voru of naumar á núgildandi fjárlögum, síldarleit var t. d. ekki sinnt sem skyldi allt veiðitímabilið vegna fjárskorts. Sjávarútvegsmálaráðuneytið telur, að veita þurfi 27 270 500 kr. til þessa liðar í fjárlögum, og er lagt til, að svo verði gert.

Ríkissjóður hefur til þessa greitt rekstrarhalla Rafmagnsveitna ríkisins, en í fjárlagafrumv. fyrir næsta ár er ekki gert ráð fyrir framlagi í þessu skyni, en ætlunin mun vera að hækka rafmagnsverð sem þessu nemur. Lagt er til, að sami háttur verði hafður á um greiðslu rekstrarhalla rafveitnanna og verið hefur og rekstrarartekjur veitnanna áætlaðar 120.8 millj. kr. í stað 160.8 millj. kr.

Lagt er til, að framlag til jarðhitasjóðs verði hækkað úr 7.2 millj. kr. í 10.7 millj. kr. Verði framlagið ekki hækkað frá því, sem það er ákveðið í fjárlagafrumv., getur ekki orðið af neinum jarðborunum á næsta ári. Fáar framkvæmdir geta stuðlað eins að gjaldeyrissparnaði og hitaveitur á þéttbýlum svæðum, og algerlega er óviðunandi, að stöðvun verði á svo þjóhagslega nauðsynlegum framkvæmdum sem jarðborunum. Er því lagt til, að framlag til jarðhitasjóðs verði hækkað um 3.5 millj. kr. og 2 millj. kr. af þeirri upphæð verði varið til jarðborana á Reykjanesskaga í þeim tilgangi að finna nýtilegan jarðhita fyrir þéttbýlið á Suðurnesjum. Í framkvæmda-áætlun sérfræðinga jarðhitaeildar var gert ráð fyrir þessari framkvæmd á næsta ári, en hún hefur ásamt ýmsum öðrum verið skorin niður við samningu fjárlagafrumvarpsins.

**Brtt. við 17. gr.**

Mjög skortir á, að fullnægt sé hinni brýnu þörf, sem er á, að fyrir hendi séu dagheimili og sumardvalarheimili fyrir börn í kaupstöðum og kaupúnum, en á því er ekki sízt nauðsyn, þegar vinnuafli skortir og slaukin þátttaka kvenna í atvinnulíf-inu kemur til.

Framlög ríkissjóðs til móts við framlög sveitarfélaga til rekstrar- og stofn-kostnaðar barnaheimila hafa verið mjög af skornum skammti, og er lagt til, að framlag til greiðslu rekstrarkostnaðar verði hækkað um 1250 þús. kr., en framlag til stofnkostnaðar úr 300 þús. kr. í 1 millj. kr.

Vegna ónógra fjárveitinga til félagsheimilasjóðs hefur sjóðnum reynzt ókleift að gegna því hlutverki, sem honum er ætlað með lögum, og skuldar háar upphæðir. Verður ekki lengur dregið að bæta hag sjóðsins, og er lagt til, að veittar verði 10 millj. kr. í þessu skyni.

Öryrkjabandalag Íslands hyggst hefja byggingu lítilla íbúða fyrir fólk með skerta starfsgetu og leysa það þannig undan hinni hörðu samkeppni á húsnæðis-markaðnum. Sækir Öryrkjabandalagið um 1 millj. kr. í þessu skyni, og er lagt til, að sá styrkur verði veittur.

**Brtt. við 20. gr.**

Eitt erfiðasta vandamál, sem stjórnendur ríkisspítalanna eiga við að stríða, er skortur á hjúkrunarkonum og hæfu starfsfólki öðru. Ein af ástæðunum til þess, að

hjúkrunarkonur fást ekki til starfa, er, að þær þeirra, sem börn eiga, koma þeim ekki í vörzlu. Er óhjákvæmileg nauðsyn, að sjúkrahúsin sjálf tryggi hjúkrunarkonum og öðru starfsfólki þessa þjónustu og komi á stofn barnaheimili. Lagt er til, að veitt sé byrjunarframlag til þessara framkvæmda 1 millj. kr.

Mjög brýn þörf er á auknum framkvæmdum í flugvallagerð og á endurbótum flugöryggistækja. Svo illa er fyrir þessum málum séð, að hæpið er, að flugmenn fái lengur til að fljúga til ýmissa staða á landinu, ef ekki verður úr bætt. Lagt er til, að framlag til þessara mála verði hækkað úr 14 580 000 kr. í 25 millj. kr.

Við Íþróttakennaraskólann að Laugarvatni er heimavistarhús í smíðum. Kjallari hússins var byggður 1964, en ekkert hefur verið unnið við bygginguna á þessu ári vegna fjárskorts, og liggur hún undir skemmdum. Verði framlag til byggingarinnar ekki aukið frá því, sem áætlað er á fjárlagafrumv., verður fyrirsjáanlega ekkert unnið við bygginguna næsta sumar. Aðbúnaður kennara og nemenda er algerlega óviðunandi og allar líkur á, að starfsmenn skólans neyðist til að yfirgefa hann, ef ekki verður úr bætt. Lagt er til, að framlag byggingarinnar verði hækkað úr 560 þús. kr. í 2 millj. kr.

Lagt er til, að framlag til fyrningasjóðs ríkisbifreiða verði takmarkað við 2 millj. kr.

Brtt. við 22. gr.

Svo sem áður er rakið, er óhjákvæmilegt að gera átak í flugvallagerð, og er lagt til, að ekki verði felld niður sú grein á núgildandi fjárlögum, sem heimilar 15 millj. kr. lántöku til flugvallagerða.

Ýmsir aðilar hyggja á framkvæmdir í sambandi við byggingar og endurbætur á síldarverksmiðjum o. fl. varðandi síldarvinnslu. Er því nauðsyn, að fyrir hendi sé heimild til að ábyrgjast lán til þeirra framkvæmda.

Alþingi, 29. nóv. 1965.

Geir Gunnarsson.